

og beitt sér fyrir málum af eldlegum áhuga. Um þetta efni flutti hann m. a. hið merkasta erindi á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi á Eiðum 1978 og sá fundur lýsti yfir eindregnum stuðningi við meginhugmyndir hans. Fyrir forgöngu Sveins á Egilsstöðum var þetta mál svo tekið fyrir hjá Landssambandi veiðifélaga og frá þeim samtökum barst í vor bréf um þetta mál til fjárveitinganefndar og er það birt hér sem fylgiskjal til rökstuðnings. Meginatriði í erindi Sveins Jónssonar sem viðbótarrök við meðfylgjandi fylgiskjal verða svo kynnt í framsögu.

Vegna hins óvenjulega ástands nú varðandi fjárlagagerð þykir flm. rétt að hreyfa málinu nú þegar, en síðar mun því fylgt rækilegar eftir.

Fylgiskjal.

Landssamband veiðifélaga
Hótel Sögu
Reykjavík.
18. maí 1979.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Undanfarin ár hefur verið unnið mikið starf til undirbúnings aukinni laxa-rækt á Austfjörðum. Sums staðar hefur þegar náðst ágætur árangur, svo sem í Breiðdal. Annars staðar eru tilraunir í gangi, til dæmis í Berufirði, þar sem Veiðimálastofnunin stendur fyrir hafbeitar tilraunum með styrk frá Norðurlandaráði. Þær tilraunir eru sérlega mikilvægar, þar sem ætla má að niðurstöður þaðan gildi í stórum dráttum um ýmsar aðrar ár á Austfjörðum.

Á Lagarfljótssvæðinu hafa undirbúningsrannsóknir þegar farið fram. (Sjá skýrslur Teits Arnlaugssonar frá árunum 1977 og 1978, sem fylgja hér með.) Framkvæmdaáætlanir, byggðar á þessum rannsóknnum, liggja að nokkru fyrir, og hefjast seiðasleppingar samkvæmt þeim væntanlega nú snemma í sumar.

Viða annars staðar er áhugi fyrir hendi, en skortur á vettvangsrannsóknnum hindrar frekari framkvæmdir. Veiðimálastofnunin í Reykjavík hefur gert sitt besta til að sinna þessu svæði, en fjarlægðin takmarkar þá þjónustu verulega. Landssamband veiðifélaga telur því aðkallandi að á Egilsstöðum verði komið upp rannsóknauðibúi frá Veiðimálastofnuninni, svipað því sem starfrækt er í Borgarnesi fyrir Vesturlandskjördæmi og Vestfirði.

Slíkt útibú ætti að geta annast vettvangsrannsóknir og ráðgjafastörf á Austurlandi. Meðal annars er mjög áriðandi að kanna strax möguleika á gönguseiðasleppingum í sem flestum laxlitlum eða laxlausum ám á svæðinu til undirbúnings áætlunum um klak- og eldisstöð, sem áhugi er fyrir að reist verði á Egilsstöðum með þátttöku margra sveitarfélaga austur þar.

Slíkar rannsóknir þurfa að standa það lengi, að illmögulegt er að sinna þeim frá Reykjavík. Landssamband veiðifélaga fer því þess á leit við hæstvirta fjárveitinganefnd, að hún hlutist til um að fé verði veitt til stofnunar og rekstrar þessa rannsóknarútibús þegar á fjárlögum næsta árs. Áætlanir um fjárförf og tilhögun greiðslna mun Veiðimálastofnunin gera og koma á framfæri við yður.

Með von um góðar undirtektir yðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands veiðifélaga

Valgerður K. Brand